



Bréf sent öllum sveitarstjórnarmönnum í þeim sveitarfélögum þar sem búsettir eru lögblindir íbúar.

Reykjavík, 15. október 2012

Efni: Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk

Ágætu sveitastjórnarmenn.

Með bréfi þessu vill Blindrafélagið vekja athygli á *leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk* sem ekki getur nýtt sér almenningsþjónu. Reglurnar voru gefnar út af velferðarráðuneytinu í upphafi árs og öðluðust gildi þann 1. febrúar sl. Reglurnar eru öllum þeim sem að málaflökki þessum koma mikið fagnaðarefni, enda fela þær í sér mikilvægt skref í þá átt að tryggja lögbundin mannréttindi fatlaðs fólks á Íslandi. Samkvæmt skráningu Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga þá eru í sveitarstjórnarmyndum ykkar búsettir X lögblindir einstaklingar og hefur þeim verið sent meðfylgjandi bréf til kynningar á ofangreindum reglum. Margir þessara einstaklinga hafa alla burði til þess að lifa eðlilegu lífi við sambærileg lífskjör og aðrir ófatlaðir einstaklingar ef þeim er gert kleift að komast á milli staða með jafn greiðum hætti og aðrir þjóðfélagsþegnar. Til að tryggja lögblindum einstaklingum sem og öðrum þeim sem búa við fötlun slíkt jafnrétti, mæla lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks (hér eftir nefnd „lmf.“) fyrir um skyldu sveitarfélags þíns til að veita slíkum einstaklingum, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki sökum fötlunar sinnar, kost á ferðapjónustu sem gerir þeim kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Þá skulu einstaklingar þessir jafnframt eiga rétt á ferðapjónustu vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar sérstakrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega, sbr. 1. og 2. mgr. 35. gr. lmf.

Sveitarfélagi þínu er heimilt að setja sér reglur um ferðapjónustu sína, enda samræmist slíkar reglur markmiðum og efni lmf. og ofangreindum leiðbeinandi reglum ráðherra. Líkt og fram kemur í 2. mgr. 1. gr. lmf., ber stjórnvöldum, við framkvæmd laga þessara, að taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda, einkum sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í því samhengi vill Blindrafélagið einkum vekja athygli sveitarstjórnarinnar á 20. gr. samningsins, en þar segir: „*Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því [...] að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi.*“

Til að tryggja að ferðapjónusta sveitarfélaga fyrir fatlaða samræmist í hvívetna ofangreindu ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ákvæðum lmf., hefur velferðarráðuneytið, sem fyrr greinir, nú gefið út *leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk*. Reglurnar skýra nánar rétt fatlaðs fólks til ferðapjónustu sveitarfélaga, m.a. með því að varpa ljósi á inntak og fyrirkomulag slíkrar ferðapjónustu og með því að veita leiðbeiningar um þjónustubætti og þjónustustig hennar. Reglunum er þannig ætlað að stuðla að samræmi á milli sveitarfélaga og þjónustuvæða í ferðapjónustu fyrir fatlaða.

Að lokum vill Blindrafélagið vekja sérstaka athygli sveitarstjórnarinnar á eftirfarandi ákvæðum úr *leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk*:

- Sveitarfélögum ber að veita fötluðu fólki ferðapjónustu sem skapar því skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs við aðgengi að almenningsfarartækjum. Skulu reglur sveitarfélaga um slíka ferðapjónustu tryggja að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu og nám og notið tómsunda og affreyningar. Er þá átt við atvinnu, nám og tómsundir sem hinn fatlaði einstaklingur hefur sjálfur valið sér, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. reglnanna.
- Meta ber aðstæður hvers einstaklings sérstaklega áður en tekin er ákvörðun um þá ferðapjónustu sem honum er veitt. Skal slíkt mat grundvallast á markmiðum einstaklingsins, m.a. hvað varðar atvinnu, nám og tómsundir

og hvaða þarfir hann hefur fyrir ferðapjónustu sem myndi gera honum kleift að ná þeim markmiðum, sbr. 1. og 2. másl. 2. mgr. 8. gr. reglnanna. Umsókn um ferðapjónustu skal svarað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að hún er lögð fram, sbr. 4. mgr. 11. gr. reglnanna.

- Sveitarfélögum ber að leitast við að tryggja fjölbreytt þjónustuframboð á sviði ferðapjónustu, svo sem með aðgangi að leigubifreiðum, sbr. 3. másl. 2. mgr. 8. gr. reglnanna
- Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglnanna.
- Við úrlausn erinda um ferðapjónustu skal gætt að reglum stjórnsluréttar. Ber því m.a. að gefa notanda og talsmanni hans, ef við á, andmælarétt áður en ákvörðun um ferðapjónustu við hann er tekin. Þá ber að leiðbeina aðilum þessum um möguleika þeirra til að kalla eftir endurskoðun sveitarfélags á ákvörðun um ferðapjónustu til samræmis við 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þegar úrlausn felur í sér stjórnvaldsákvörðun, skal undantekningarlaust veita leiðbeiningar um að skjóta megi málinu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. 5. gr. lmf., eða leita dóms um lögmæti slíkrar ákvörðunar, sbr. 1. – 3. mgr. 11. gr. reglnanna.

Blindrafélagið væntir þess að sveitarfélag ykkar muni takast á við það mikilvæga verkefni að tryggja fötluðu fólki lögbundin mannréttindi sín með fullnægjandi ferðapjónustu í samræmi við ákvæði *leiðbeinandi reglna fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk*, lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sé óskað eftir frekari upplýsingum, eru sveitarstjórnarmenn eindregið hvattir til þess að hafa samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,



Kristinn Halldór Einarsson

Formaður Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi